

# Skólafestina Hafnarfjarðar





Skólastefna Hafnarfjarðar  
© Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar 2009.

Skólastefnan er eingöngu gefin út á rafrænu formi.  
Miðlun er í gegnum vefsetur Hafnarfjarðarbæjar, [www.hafnarfjordur.is](http://www.hafnarfjordur.is).

**EFNISYFIRLIT**

Inngangur .....	4
Skólastefnukynning .....	5
Markmið, umsjón og ábyrgð .....	6
<b>LEIÐARLJÓS SKÓLASTARFS</b>	<b>7</b>
<b>I. Almenn áhersluatriði:</b>	<b>8</b>
1.0 Sjálfstæði, samvinna og ábyrgð .....	8
1.1 Samstarf og samábyrgð heimila og skóla .....	9
1.2 Upplýsingagjöf og kynningamál .....	10
1.3 Húsnæði og starfsaðstaða .....	11
1.4 Samstarf skóla, skólastiga og umhverfis .....	12
1.5 Ráðgjöf, úrræði og sérfræðiþjónusta .....	13
1.6 Starfsfólk, símenntun og starfsþróun .....	14
1.7 Forystuskólar .....	15
1.8 Heilbrigðir lífshættir .....	16
1.9 Umhverfi og heimabyggð .....	17
1.10 Fjármál og áætlanagerð .....	18
1.11 Mat á skólastarfi .....	19
1.12 Skólaþróun og alþjóðlegt samstarf .....	20
1.13 Lýðræði, mannréttindi og jafnrétti .....	21
<b>2. Leikskóli:</b>	<b>22</b>
2.1 Nemendur .....	22
2.2 Uppeldis- og kennslustarfið .....	23
<b>3. Grunnskóli:</b>	<b>24</b>
3.1 Nemendur .....	24
3.2 Uppeldis- og kennslustarfið .....	25
3.3 List- og verkgreinar .....	26
3.4 Heilsdagsskólinn .....	27
<b>4. Tónlistarskóli:</b>	<b>28</b>
4.1 Tónlistarnám .....	28
<b>5. Framhaldsfræðsla:</b>	<b>29</b>
5.1 Símenntun - fullorðinsfræðsla .....	29
<b>Viðauki:</b>	<b>30</b>
Orðskýringar og hugtök .....	30-32

## INNGANGUR

Hér gefur að líta endurskoðaða útgáfu af skólastefnu Hafnarfjarðar frá árinu 2005. Við gerð skólastefnunnar var sett inn sú stefnumörkun að stefnan skyldi endurskoðuð innan þriggja ára. Endurmatið stóð yfir allt árið 2008 samkvæmt sérstakri vinnuáætlun sem samþykkt var í fræðsluráði Hafnarfjarðar í byrjun þess árs. Rætt var við fulltrúa skólastjórnenda, kennara og foreldra um endurskoðunarvinnuna. Eftir þá yfirferð og viðræður vorið 2008 var ákveðið að vinna eftir þeirri meginhugmynd að gera ekki grundvallarbreytingar á uppbyggingu skólastefnunnar. Þess í stað þótti eðlilegt að breyta einstaka atriðum í skólastefnunni í samræmi við þróunina og áherslubreytingar sem hafa átt sér stað frá því að skólastefnan var samþykkt árið 2005.

Í fyrsta kafla skólastefnunnar er farið yfir þau atriði sem eru leiðandi fyrir fræðsluviðið í heild og leiðir til að ná settum markmiðum. Í köflum sem þar fara á eftir er farið yfir markmið og leiðir einstakra skólastiga og menntunarframboð sem tilheyra einstökum starfssviðum innan fræðsluviðs. Viðauki fylgir en hann kynnir nánar þau hugtök sem koma fram í stefnunni.

Skólastefna á að vera í stöðugri endurskoðun og skal að lágmarki vera tekin til formlegrar umfjöllunar í fræðsluráði á þriggja ára fresti. Þó skal ekki útiloka að gera þurfi nánari útfærslur á einstaka þáttum hennar til að skýra betur möguleika í innleiðingarferli.

Fræðsluráð skipaði starfshóp til að stýra endurskoðunarvinnunni. Í honum sátu: Ellý Erlingsdóttir (S), formaður, Gestur Svavarsson (VG) og Rósa Guðbjartsdóttir (D). Með hópnum störfuðu frá Skólaskrifstofu Magnús Baldursson, fræðslustjóri, Sigurborg Kristjánsdóttir, þróunarfulltrúi leikskóla og Vigfús Hallgrímsson, þróunarfulltrúi grunnskóla. Auk þeirra komu að vinnunni ýmsir starfsmenn Skólaskrifstofu sem funduðu reglulega til að ræða breytingatillögur. Fulltrúar skólastjórnenda, kennara og foreldra komu einnig að vinnunni á mismunandi tíma í endurskoðunarferlinu. Þeim er öllum þakkað framlag sitt við endurskoðunina.

22. júní 2009.


Fræðsluráð Hafnarfjarðar.

## SKÓLASTEFNUKYNNING

Markmið skólastefnu Hafnarfjarðar er að draga fram þau áhersluatriði í uppeldi og menntun sem skólasamfélagið í Hafnarfirði vill hafa í brennidepli. Þessi atriði skírskota til sögulegrar arfleifðar, varðveislu siðferðilegs gildismats samfélagsins og hugsunar til framtíðar. Skólastarf þarf að mæta þörfum barna, stuðla að vellíðan þeirra og hamingju. Tilgangur skólastarfs er að styðja og efla börn til að takast á við framtíðarverkefni sín og skyldur í síbreytilegu lýðræðislegu þjóðfélagi með því að bjóða þeim nám við hæfi.

Skólastarf þarf að taka mið af samfélaginu á hverjum tíma og búa einstaklinga sem best undir að samlagast því. Atvinnulíf og þjóðfélagshættir breytast ört og því reynir á sköpun, hugmyndavinnu, samskiptahæfni og teymisvinnu, sem krefst annars konar færni en áður, til að ná árangri í skóla. Leggja þarf grunn að menntun og þroska einstaklinga þannig að þeir nýti hæfileika sína til að laga sig að breytilegum aðstæðum og margvíslegri ábyrgð. Mikilvægt er því að börnum standi til boða góð grunnmenntun og valmöguleikar, svo sem um skóla, nám og námsleiðir, til að mæta þörfum þeirra til þroska og samfélagslegrar ábyrgðar.

Skólastefna Hafnarfjarðar er leiðarvísir um skólastarf í Hafnarfirði, um vinnubrögð, skipulag og forgangsverkefni. Þannig getur þurft að innleiða ný vinnubrögð, leggja til aukið fjármagn, afla nýrra tækja, fjölga starfsmönnum og/eða breyta verkefnum einstakra starfsmanna. Jafnframt þurfa allir, sem eiga að vinna að framgangi stefnunnar, að fá tækifæri til að sinna eigin símenntun og starfsþróun í þágu nemenda og annarra bæjarbúa sem vilja mennta sig allt lífið. Meginatriðið er að markvisst sé unnið eftir skólastefnunni þegar starfsemi fræðsluviðs er þróuð og metin og að fjármagni sem veitt er til þess sé beint inn á þau svið og leiðir sem skólastefnan vísar á.



Notagildi skólastefnunnar felst í því að hún er leiðarvísir um að hverju skuli stefnt en hún er ekki framkvæmda-áætlun með skilgreinda mælikvarða eða fastar tímasetningar. Það er síðan á ábyrgð allra sem koma að skólastarfi og menntun að vinna saman að því að gera stefnuna lifandi. Það er gerð sú krafa til stofnana fræðsluviðs að stefnan endurspeglar í starfsáætlunum og skólanámskrám og sé höfð til hliðsjónar í umbótastarfi. Markmiðið með því er að efla sjálfstæði stofnana fræðsluviðs og gefa þeim frelsi til að þróa starfsemi sína út frá eigin forsendum og þeim fagmönnum sem þær hafa á að skipa.

Framkvæmdin skal birtast í starfsskýrslum stofnana fræðsluviðs. Skólastefna Hafnarfjarðar á einnig við skóla sem gert hafa þjónustusamning við bæinn og sjálfstætt rekna skóla í Hafnarfirði þótt þeir séu ekki hluti stofnana fræðsluviðs Hafnarfjarðar.

Leitast skal við að hafa sem mest samráð og samvinnu starfsfólks fræðsluviðs, foreldra og nemenda til að auka líkur á því að skólastefnan komi skólastarfi í Hafnarfirði til góða.

## ➤ MARKMIÐ, ÁBYRGÐ OG UMSJÓN

Það er á verksviði bæjaryfirvalda, undir yfirstjórn fræðslusviðs Hafnarfjarðar, að innleiða skólastefnu Hafnarfjarðar og felur það í sér að:

- ◆ Skapa börnum og unglingum í Hafnarfirði metnaðarfullt námsumhverfi til að þau fái sem besta menntun og stuðla að vellíðan þeirra og hamingju.
- ◆ Búa starfsfólki á fræðslusviði góð vinnuskilyrði til starfsþróunar.
- ◆ Sýna framsýni í stefnumörkun, áætlanagerð og upplýsingaöflun um skólamál í sveitarfélaginu með almennri upplýsingamiðlun til starfsmanna á fræðslusviði og til bæjarbúa almennt.
- ◆ Standa fyrir öflugum stuðningi við þróunarstarf í skólum og styðja þar við frumkvöðlastarf.

Skrifstofa fræðslusviðs, Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar, gegnir mikilvægu hlutverki í innleiðingu áhersluatriða í skólastefnu Hafnarfjarðar. Meginhlutverk Skólaskrifstofunnar er að styðja við heildarstefnu bæjarins í skólamálum og veita ráðgjöf til foreldra og starfsfólks á fræðslusviði. Skólaskrifstofan skal vera forystuafli í skólamálum bæjarfélagsins en ber um leið að efla skóla, hvetja þá til sjálfstæðis og ábyrgðar í rekstri og faglegu starfi.

Sviðsstjóri fræðslusviðs, fræðslustjóri, í umboði fræðsluráðs og bæjarstjórnar Hafnarfjarðar, er ábyrgðaraðili skólastefnunnar.



## Leiðarljós skólastarfs:

## MEGINATRIÐI SKÓLASTEFNU HAFNARFJARÐAR:

- ◆ Starfsemi stofnana fræðsluviðs komi til móts við þarfir nemenda, stuðli að vellíðan þeirra og hamingju sem alltaf skal haft að leiðarljósi í skólastarfi.
- ◆ Nemendur búi við öryggi og vellíðan í skólastarfi þar sem brugðist sé hart við hatri, ofbeldi og einelti í öllum myndum.
- ◆ Allir nemendur hafi aðgang að alhliða menntun við hæfi hvers og eins þar sem í boði eru fjölbreytileg viðfangsefni í samræmi við þroska og áhuga.
- ◆ Skólahúsnæði sé vel hannað fyrir kennslu, nám og aðstöðu fyrir starfsfólk. Starfsaðstaðan taki einnig mið af þörfum nemenda fyrir máltíðir í skólum, lengda viðveru, tónlistarnám og aðra aðstöðu til ákjósanlegrar tómstundaiðkunar. Skipulag í skólum gefi nemendum kost á sem samfelldustum vinnudegi.
- ◆ Lögð sé áhersla á heilsusamlegt lífverni, forvarnir og umhverfismennt.
- ◆ Hlúð sé að frumkvöðlastarfi, forystuskólum og þróunarstarfi.
- ◆ Stjórnendur og aðrir starfsmenn hafi skýra sýn sem einkennist af fagmennsku og metnaðarfullum væntingum.
- ◆ Markvisst sé unnið að því að laða að og halda í hæft og áhugasamt starfsfólk þar sem hvatt er til starfsþróunar.
- ◆ Samstarf milli skóla og heimila byggi á virðingu og gagnkvæmum hlýhug þar sem lögð er áhersla á samábyrgð allra á námi og þroska nemenda.
- ◆ Skólastarf einkennist af áherslu á góð samskipti í öruggu og hvetjandi námsumhverfi.
- ◆ Lagt sé upp úr væntingum um góða ástundun og sem bestan námsárangur og vitneskju allra um eigin ábyrgð, réttindi og skyldur.
- ◆ Stofnanir fræðsluviðs hafi fjárhagslegt sjálfstæði og taki ábyrgð á öllum rekstrarþáttum í samræmi við stefnu bæjarstjórnar.



## I. Almenn áhersluatriði

### ➤ I.0 SJÁLFSTÆÐI, SAMVINNA OG ÁBYRGÐ

Í öllu skólastarfi er mikilvægt að starfsfólk skóla, nemendur og foreldrar beri virka ábyrgð á störfum sínum og verkefnum. Aukin áhersla er á ábyrgð til sjálfstæðis í íslenskum lögum um skólastarf frá því sem áður hefur verið. Samvinna og samráð allra er mikilvægt til að bera sameiginlega ábyrgð á að nemendur fái nám við hæfi alla sína skólagöngu.

#### Leiðir:

1. Fræðslufirvöld sýni frumkvæði og virkni til að móta og leiðbeina um þróun skólastarfs í samræmi við lög, reglugerðir og stefnu sveitarfélagsins. Mikilvægt er að þau starfi í góðu samráði við starfsfólk skóla, foreldra og aðra hagsmunaðila skólastarfs.
2. Skólastjórnendur bera meginábyrgð á útfærslum á sjálfstæði skóla. Áhersla er lögð á fjárhagslega og faglega ábyrgð þeirra til að nemendur fái nám við hæfi í samræmi við lög og reglugerðir og aðstæður í hverjum skóla.
3. Starfsfólk skóla er hvatt til að efla sig í starfi, viðhafa stöðuga símenntun, virkja nemendur til að taka ábyrgð á eigin námi og styðja við foreldra til ábyrgðar á menntun barna sinna.
4. Í öllu skólastarfi er mikilvægt að virkja nemendur til þátttöku í skólastarfinu.
5. Foreldrar taki með virkum hætti þátt í að styðja við nám með jákvæðum hætti og beri samábyrgð með skóla í að styðja við menntun barna sinna. Mikilvægt er að foreldrar séu virkir í foreldrarstarfi skólanna.





## ➤ I.1 SAMSTARF OG SAMÁBYRGÐ HEIMILA OG SKÓLA

Í nýjum leik- og grunnskólalögum eru ákvæði um að við hvern leikskóla starfi foreldraráð og við grunnskóla skólaráð. Samráð og samábyrgð heimila, skóla og fræðsluyfirvalda byggist á skýrri hlutverkaskiptingu og gagnkvæmu trausti. Samstarf heimila og skóla um námsárangur og velferð nemenda verður seint vanmetið. Mikilvægt er að virkja áhuga foreldra á skólastarfi og nýta sér jafnframt þann kraft sem foreldrastarf hefur í för með sér. Jákvæð samskipti og gagnkvæmt traust milli heimila og skóla stuðlar að framförum í námi og aukinni velferð nemenda.

### Leiðir:

1. Skólastjórnendur stuðli að virku nemendalýðræði í skólastarfi, styðji við félagsstarf nemenda og efla þá til félagslegrar ábyrgðar.
2. Foreldraráð leikskóla og skólaráð grunnskóla verði samráðsvettvangur um skólastarf þar sem samstaða og samhugur sé um framkvæmd og þróun skólastarfs. Foreldrasamfélög leik- og grunnskóla verði efla með fræðslustarfsemi og mótun verklagsreglna um starfsemi þeirra í samræmi við lög og reglugerðir.
3. Stofnanir fræðsluviðs og foreldrafélög skilgreini, skjalfesti og kynni samstarfsverkefni sín vel í foreldrasamfélagi hvers skóla.
4. Mikilvægt er að gagnkvæm upplýsingamiðlun sé milli heimila og skóla þar sem allir aðilar taki frumkvæði og beri ábyrgð.
5. Samtökum foreldra sé veitt ráðgjöf og stuðningur við lögbundin hlutverk þeirra í hverjum skóla.
6. Stofnanir fræðsluviðs standi reglulega fyrir fræðslu fyrir foreldra um uppeldi, nám, kennslu og nýtt námsefni.
7. Fræðsluráð kynni starfsfólki fræðsluviðs og foreldrum áætlanir um skólalæsi, viðhald og aðrar framkvæmdir með góðum fyrirvara til þess að hægt sé að meta í tíma sjónarmið þeirra hverju sinni til skólastarfsins.



## 1.2 UPPLÝSINGAGJÖF OG KYNNINGAMÁL

Góð upplýsingamiðlun um skólastarf eflir traust og þekkingu á skólastarfi. Upplýsingagiöf stuðli að því að skólastarf verði bæjarbúum sýnilegt og öðrum þeim sem áhuga hafa og hagsmuna vilja gæta. Upplýsingar skulu vera aðgengilegar og miðlað tímanlega. Upplýsingastefna bæjarins sé höfð að leiðarljósi við öflun, miðlun og úrvinnslu upplýsinga hjá stofnunum fræðsluviðs. Auka skal notkun rafrænna boðleiða eins og heimasíður skóla og íbúagátt Hafnarfjarðar til upplýsingamiðlunar.

### Leiðir:

1. Skólaskrifstofan sé virk í upplýsingamiðlun um skólamál á vefsetri Hafnarfjarðar, [www.hafnarfjordur.is](http://www.hafnarfjordur.is). Stofnanir fræðsluviðs haldi einnig úti öflugum heimasíðum er miðli glöggum upplýsingum og reglulegum fréttum af starfi þeirra í samræmi við upplýsingastefnu Hafnarfjarðarbæjar.
2. Helstu upplýsingar um starfsemi stofnana fræðsluviðs verði aðgengilegar á erlendum tungumálum.
3. Stofnanir fræðsluviðs geri árlega starfsskýrslu og birti á heimasíðum sínum.
4. Stofnanir og starfsfólk fræðsluviðs hafi aðgang að innra neti bæjarins (Lækurinn) og verði virk í nýtingu þess.
5. Öryggi og áreiðanleiki í stjórnsýslu verði aukinn með rafrænni mála- og trúnaðar-gagnaskráningu sem eflir þjónustu við börn og foreldra. Rafræn þjónusta við almenning verði þróuð eins og kostur er til að kynna og efla skólastarfið, sérstaklega í íbúagátt Hafnarfjarðar.



### ➔ 1.3 HÚSNÆÐI OG STARFSADSTAÐA

Skólahúsnæði og umhverfi þess sé ávallt í samræmi við lög og reglugerðir, taki mið af áherslum í skólastarfi einstakra skóla og mismunandi þörfum nemenda sem eru á ólíkum aldri.

Skólalóðir eru hluti af náms-umhverfi skólanna og skulu taka mið af nemendafjölda viðkomandi skóla. Hönnun skólalóða skal taka mið af aldri nemenda sem nýta leiksvæðin á og utan skólatíma. Öll starfsaðstaða nemenda og starfsfólks á að vera aðlaðandi, hvetjandi og vel tækjum búin.



#### Leiðir:

1. Endurnýja skal og halda við húsnæði skóla svo það standist lög og reglugerðir og fylgi þörfum og kröfum hvers tíma um gott skólastarf.
2. Tækjakostur og tölvubúnaður stofnana fræðsluviðs fylgi framþróun.
3. Rými sé til staðar í skólum fyrir alla kennslu samkvæmt kröfum í aðalnámskrám.
4. Fullnægjandi aðstaða til íþróttar sé í skólum eða næsta nágrenni þeirra.
5. Gæta skal þess að aðkoma að skólunum sé örugg og leiksvæði séu vel afmörkuð frá umferð ökutækja.
6. Hafa skal næg námsgögn og kennslutæki svo uppfylla megi kröfur aðalnámskráa.
7. Skólahúsnæði nýtist einnig til tólmstunda- og félagsstarfa.
8. Aðstaða sé góð í skólum til að útbúa og/eða framreiða hollan mat og neyta hans fyrir nemendur og starfsfólk.
9. Langtímaáætlanir og þarfagreining á uppbyggingu skólahúsnæðis sé gerð ekki sjaldnar en á fimm ára fresti þar sem tillit er tekið til sjónarmiða allra hagsmunaaðila.
10. Stjórnendur verði hafðir með í ráðum um viðhald, framkvæmdir, áætlanagerð og fleira ef breytingar/endurbætur standa til á húsnæði stofnana fræðsluviðs.
11. Leitast verði við að tímasetja framkvæmdir og viðhald á húsnæði skóla með góðum fyrirvara.
12. Hugað verði sérstaklega að heppilegri aðstöðu í skólum til kennslu og þjálfunar nemenda með sérþarfir.

## ➔ I.4 SAMSTARF SKÓLA, SKÓLASTIGA OG UMHVERFIS

Stuðlað verði að öflugu samstarfi milli leik-, grunn- og framhaldsskóla og annarra sem vinna að velferð barna. Lögð verði áhersla á að koma þar á ýmiss konar samnýtingu í heildarskipulagi og framkvæmd skólastarfs. Þá skal koma á tengslum við menningarstofnanir og atvinnulíf með þarfir og velferð nemenda, fjölskyldna þeirra og samfélagsins í heild að leiðarljósi.

### Leiðir:

1. Stofnanir fræðsluviðs skilgreini áherslur í innbyrðis samstarfi.
2. Leggja ber áherslu á samvinnu leik- og grunnskóla sem byggir á forsendum beggja skólastiga. Efld séu verkefni sem vinna að aðlögun nemenda sem eru að hefja nám í grunnskóla, t.d. með þróun sumarnámskeiða, heimsókna og kennslu.
3. Stuðlað verði að auknum möguleikum nemenda í grunnskóla til að stunda einingabært nám í framhaldsskóla, til dæmis að boðið sé upp á nám í efstu bekkjum grunnskóla sem metið verði í framhaldsskólum. Eft verði samstarf og upplýsingaflæði milli grunn- og framhaldsskóla.
4. Námskynningar á framhaldsskólum bæjarins séu haldnar reglulega fyrir elstu nemendur grunnskólans.
5. Áhersla skal lögð á innbyrðis samstarf um fagleg málefni og símenntun á milli stofnana innan og utan fræðsluviðs.
6. Unnið verði að góðu samráði við íþrótt- og tómstundafélög og listaskóla um verkefni sem efla þroska barna og unglunga, sérstaklega í tengslum við heilsdagsskóla, valgreinar, forvarnir og sérstök verkefni.



## ➤ 1.5 RÁÐGJÖF, ÚRRÆÐI OG SÉRFRÆÐIÞJÓNUSTA

Stofnunum fræðsluviðs verði tryggður aðgangur að ráðgjöf og sérfræðiþjónustu sem taki mið af þörfum nemenda, forráðamanna þeirra og samfélagsins, þar á meðal kennslufræðilega, sálfræðilega og stjórnunarlega. Þjónustan sé sem næst þeim sem hafa þörf fyrir hana en um leið skal tryggja hagkvæmni í rekstri. Markmið ráðgjafar miðist að því að gera skólustarf öflugra og starfsfólk skóla sjálfstæðara við úrlausn viðfangsefna sem upp koma í daglegu starfi. Leitast verði við að hafa margvísleg úrræði til að mæta sérþörfum nemenda og að sem flestir þeirra geti stundað nám í hverfissskóla. Unnið sé í anda Salamanca yfirlýsingarinnar um skólustarf án aðgreiningar. Hugað verði vel að stuðningi við nemendur með íslensku sem annað tungumál á meðan þeir eru að aðlagast íslensku samfélagi og ná góðum tókum á íslensku.

Skólar á fræðsluviði og foreldrar eigi kost á sérhæfðri ráðgjöf og stuðningi vegna hegðunarvanda nemenda. Markmiðið er að veita hjálp, að efla sjálfstjórn og bæta líðan nemenda til að draga úr hegðunarvanda í skólum og á heimilum.

### Leiðir:

1. Tryggja ber skilvirkar greiningar og fjölbreytta ráðgjöf viðeigandi sérfræðinga fyrir nemendur, forráðamenn þeirra og starfsfólk skólanna. Miða ber ráðgjafaáherslur við að vinna með styrkleika nemenda og jákvæða lausnaleit þar sem foreldrar og nemendur taki virka ábyrgð.
2. Unnið sé markvisst að því að hafa úrræði við hæfi fyrir nemendur í efstu bekkjum grunnskóla sem eru í áhættu að flosna upp úr námi og fyrir nemendur með sértæka náms- og hegðunarörðugleika.
3. Forráðamönnum nemenda með hegðunarvanda gefist kostur á fræðslu, ráðgjöf og stuðningi PMT-FORELDRAFÆRNI til að stuðla að bættri hegðun og betri námsárangri nemenda.
4. Í sérhverjum skóla starfi hópur starfsfólks sem búi yfir færni og veiti ráðgjöf með markvissum aðferðum við að leiðbeina um jákvæða hegðun með aðferðum SMT.
5. Þjónusta við börn með sérþarfir sé sem mest samhæfð í samstarfi við Félagspjónustu, hagsmunasamtök, ráðgjafaraðila og aðila sem sinna heilbrigðisþjónustu. Markmið hennar er að vinna í samráði við foreldra að því að nemendur fái sem besta úrlausn sinna mála og tryggja með því sem árangursríkast nám.
6. Markviss kennsluúrræði og móttökuáætlanir séu til fyrir nemendur sem hafa íslensku sem annað tungumál, til dæmis með móttökudeild og skipulegri kennslu í heimaskólum og stuðningur sé veittur meðan þörf er.
7. Markviss sérfræðistuðningur sé veittur af Skólaskrifstofunni við einstaka skóla og starfsfólk þeirra. Sérfræðiráðgjöfin skal miða að því að efla starfsfólk til sjálfstæðis í að leysa vanda nemenda svo þeir fái nám við hæfi.



## ➤ 1.6 STARFSFÓLK, SÍMENNTUN OG STARFSÞRÓUN

Starfsþróun fagfólks í skólum, með öflugri símenntun og fagsamvinnu, er lykilatriði í allri skólaþróun. Starfsþjálfun í skólum þarf að miða að því að virkja hæfileika starfsfólks til að takast á við skólaþróun á faglegan hátt og í samræmi við samfélagslegar þarfir. Unnið verði samkvæmt mannauðsstefnu bæjarins með áherslur á sérstöðu skóla þar sem starfsfólk fræðslusviðs fái markviss tækifæri til að vinna saman og styðja hvert annað í starfi.

### Leiðir:

1. Starfsfólk stofnana fræðslusviðs hafi aðgang að símenntun og stuðningi til að ná starfsmarkmiðum sínum og stofnananna, í nánu innbyrðis samhengi.
2. Stjórnendur og aðrir starfsmenn geri árlega símenntunaráætlanir fyrir sig og stofnanir sínar. Símenntunaráætlanir skóla skulu gerðar opinberar, vera hluti starfsskýrslu.
3. Skólar sækji reglulega um fjármagn í innlenda og erlenda starfsþróunar- og endurmenntunarsjóði sem veita styrki til símenntunar og þróunarstarfs.
4. Unnið verði markvisst að því að bæta við menntunarstig starfsmanna til að mæta nýjum lagakröfum. Í auknum mæli verði ófaglært starfsfólk eftt í starfi og stutt til að afla sér fagmenntunar á sviði uppeldis- og kennslumála.
5. Stuðlað verði að því að starfsfólk á fræðslusviði fái sem flest tækifæri til að efla sig í starfi og skólastjórnendur þrói jafnframt markvisst lærdómsumhverfi á vinnustöðum. Í auknum mæli verði upplýsingatæknin nýtt til starfsþróunar og upplýsingamiðlunar.



## ➤ 1.7 FORYSTUSKÓLAR

Aðstæður í skólaumhverfi Hafnarfjarðar verði þannig að einstaka skólum gefist kostur á að sækja um að sinna faglegri forystu, gerast forystuskóli, á ákveðnum sviðum og þeir verði styrktir sérstaklega til þess. Sérhver forystuskóli móti sér sína sérstöðu, sé reiðubúinn til að gegna ákveðnu ráðgjafarhlutverki og hafi frumkvæði að því að miðla reynslu og þekkingu sinni til annarra skóla og skólasamfélagsins. Símenntun starfsmanna forystuskóla taki mið af sérstöðu þeirra. Verkefnið verði metið árið 2011 þegar fyrstu forystuskólarnir ljúka þátttöku í því.

### Leiðir

1. Skólar sækji um að gerast forystuskólar til fimm ára í senn og skulu þeir leggja fram áætlun um hvernig þeir hyggist byggja upp færni og forystu á viðkomandi sviði.
2. Sérstakt fjármagn verði ætlað forystuskólum til að sinna þróunarstarfi.
3. Aðstæður innan skóla endurspegli þá faglegu forystu sem þeir vilja móta.
4. Innan forystuskóla sé faghópur sem leiði þróunarstarf.



## ➔ 1.8 HEILBRIGÐIR LÍFSHÆTTIR

Í nútímaneyslusamfélagi er aukin þörf fyrir að styðja heimilin við uppeldi og heilbrigðan lífsstíl komandi kynslóða. Skólar vinni með heimilum að því að nemendur tileinki sér heilsusamlegan lífsstíl, jákvæða og sterka sjálfsmynd. Lögð verði áhersla á reglubundna líkamsþjálfun og útvíst jafnframt því að fæði nemenda í skólum verði ávallt byggt á opinberri manneldisstefnu. Nemendum sé kennt að bera ábyrgð á eigin heilsu, til dæmis gegnum hollt mataræði, með reglulegri hreyfingu, með jafnvægi í daglegum lífsháttum og virkri þátttöku í tómstundastarfi, félagsstarfi og í samfélaginu í heild.

### Leiðir:

1. Lögð er áhersla á vellíðan nemenda í skóla og mikilvægi góðrar ástundunar. Sett verði viðmið varðandi skóla-sókn nemenda.
2. Rækta ber jákvæð viðhorf meðal nemenda sem styðja við heilbrigða lífshætti.
3. Leiksvæði skóla taki mið af fjölbreytilegum þörfum nemenda fyrir nauðsynlega hreyfingu.
4. Stuðla ber að gönguferðum og annarri útvíst.
5. Nemendur hafi greiðan aðgang að góðu drykkjarvatni.
6. Allir nemendur hafi aðgang að næringarríkum máltíðum í skólum.
7. Forvarnarstarf verði eftt og haft gott samstarf og samráð við foreldra og forvarnaraðila.
8. Skólar skilgreini og skjalfesti forvarnarstefnu sína.
9. Eflid verði ábyrgð nemenda gagnvart sjálfum sér og öllu umhverfi sínu.
10. Skólar efli neytendafræðslu og styðji þannig nemendur til ábyrgrar þátttöku í samfélaginu.
11. Skólar á fræðsluviði vinni eftir verkefnaáætlun bæjarins í lýðheilsuverkefninu *Allt hefur áhrif ... einkum við sjálf* og kynni sín áhersluverkefni í starfsáætlunum hvers árs.





## 1.9 UMHVERFI OG HEIMABYGGÐ

Nærumhverfi nemenda er mikilvægt fyrir þroska þeirra og góð lífsskilyrði. Með nemendum verði ræktuð þekking á heimabyggð þeirra og umhverfisvitund eflað í tengslum við kynningu á menningararfinum. Nemendur þekki fortíðina, skynji samtíðina og sjái framtíðina fyrir sér á æskulóðum. Skólar skilgreini tengsl sín við sitt nánasta umhverfi í samhengi við skólastarfið. Stöðugt verði unnið að því að efla þekkingu, vekja virðingu og ábyrgðarkennd nemenda fyrir lífríki náttúrunnar.

### Leiðir:

1. Nemendur öðlist góða þekkingu á sögu bæjarins, umhverfi og náttúru.
2. Nemendur séu aldir upp við að taka þátt í menningarstarfi í bænum.
3. Nemendur fái tækifæri til að kynna bæinn sinn og fái þar möguleika til að læra og þroska með sér færni til samskipta, rökrænnar tjáningar og að bera virðingu fyrir umhverfi sínu.
4. Stofnanir fræðsluviðs móti stefnu um samstarf við íbúa, íþrótt- og æskulýðsfélög. Þá ætti að styrkja tengsl við aðrar menningarstofnanir og atvinnulíf og leggja áherslu á þátttöku í viðburðum í bæjarlífinu. Slíkt samstarf og samskipti skal fyrst og fremst taka mið af þörfum nemenda og mikilvægis fyrir skólastarf.
5. Stofnanir fræðsluviðs vinni á hverju ári margvísleg umhverfisverkefni í anda umhverfisstefnu bæjarins, Staðardagskrár 21, og kynni þau í árlegum starfsáætlunum sínum.



## ➔ 1.10 FJÁRMÁL OG ÁÆTLANAGERÐ

Ábyrg og fagleg fjármálaumsýsla er skólastarfi nauðsyn. Tryggt verði að starfsemi og þjónusta stofnana fræðsluviðs sé samkvæmt lögum og reglugerðum, kjarasamningum, stefnu og fjárhagsáætlunum bæjaryfirvalda. Fjármagn til stofnana sé áætlað út frá fyrirfram skilgreindum forsendum sem séu skýrar og ljósar. Stjórnendur stofnana hafi ákveðinn fjárhagsramma til að starfa eftir og geti nýtt hann til áhersluverkefna allt eftir stefnumörkun hverju sinni sem unnin sé í samráði við hagsmunaaðila. Stofnanir fræðsluviðs séu vel reknar og þeir sem ná góðum árangri í starfi fái viðurkenningu og umbun. Í samræmi við grunnskólalög skal menntun vera nemendum að kostnaðarlausu. Í skólastarfi sé lögð áhersla á að nemendur geti stundað nám sitt og tekið þátt í félagslegu starfi í skólanum óháð efnahag.

### Leiðir:

1. Árlega verði unnar starfsáætlanir fyrir stofnanir fræðsluviðs í samræmi við skólastefnuna og þær setji viðmið um árangursmælikvarða lykilþátta/lykiltalna.
2. Tryggja ber fag-, rekstrar- og stjórnunarlegt sjálfstæði stofnana fræðsluviðs með því að efla fjárhagslegt sjálfstæði þeirra, stjórnunarhætti og fagmennsku innan þeirra.
3. Allar fjárheimildir til stofnana fræðsluviðs komi á þeirra fjárhagsreikning og stjórnendur þeirra forgangsraði verkefnum. Þannig verði aukið gegnsæi í nýtingu fjármuna og möguleikar til hagræðingar séu nýttir vel.
4. Fjárhagsáætlanir byggi á gegnsæjum líkönum og skýrum forsendum er taki til allra fjárheimilda.
5. Skilgreina á gegnsætt og þjónustuvænt ferli við ákvörðunartöku og afgreiðslu mála milli stofnana fræðsluviðs og annarra stofnana bæjarins þar sem helstu verkþættir áætlanagerðar séu skjalfestir.
6. Stofnanir fræðsluviðs hafi möguleika á margs konar stjórnunarskipulagi, mismunandi stjórnunarteymum og sveigjanleika til að mæta markmiðum um hagkvæman og árangursríkan rekstur og stjórnun.



## ➔ I.11 MAT Á SKÓLASTARFI

Mat á skólastarfi í Hafnarfirði byggist á ytra mati, innra mati og sjálfsmati með það að markmiði að þróa skólastarf til hagsbóta fyrir nemendur. Reglulega sé í gangi mat í samræmi við lög og reglugerðir, til dæmis á vegum Skólaskrifstofu og menntamálaráðuneytis. Mikilvægt er að sem flestir komi að matsferlinu, svo sem starfsfólk skóla, foreldrar og nemendur. Mat á starfsemi skal miða að því að auðvelda stjórnendum og öðru starfsfólki að vinna að framgangi markmiða og umbótum í skólastarfi. Eðlileg upplýsingagiöf fari fram um matsstarfið sem geri hagsmunaaðilum kleift að meta skólastarfið og árangur þess. Stofnanir fræðsluviðs nýti meðal annars aðferðir árangursstjórnunar við mat á skólastarfi.

### Leiðir:

1. Stofnanir fræðsluviðs vinni árlega matsáætlanir og matsskýrslur sem verði opinberar í starfsskýrslum þeirra og aðgengilegar á vefnum.
2. Skólar setji sér vinnureglur um fyrirlögn matskannana og annarra matstækja, úrvinnslu niðurstaðna og notkun samanburðar á árangri í innra mati.
3. Stjórnendur tryggi framkvæmd innra mats í sínum stofnunum með úttektum, greiningarvinnu, gerð áætlana til umbóta og úrbótastarfi.
4. Leitast verði við að þróa sjálfsmatsaðferðir til starfsþróunar fagfólks í skólastarfinu og efla lærdómsumhverfi í skólum og sveitarfélaginu.
5. Unnið verði að lágmarkssamhæfingu upplýsingaöflunar á fræðsluviði um framkvæmd skólastarfs sem kynnt sé árlega í starfsskýrslu fræðsluviðs.



## ➤ 1.12 SKÓLAÞRÓUN OG ALÞJÓÐLEGT SAMSTARF

Þróunarstarf er nauðsyn hverjum skóla til að efla fagstarf svo nám og kennsla mæti stöðugt betur þörfum nemenda. Stuðla skal að starfsumhverfi í skólum sem styður við nýjungar í náms- og kennsluháttum í þágu allra nemenda.

Kennarar eru lykilfólk í allri skólaþróun undir forystu skólastjórnenda. Mikilvægt er að þeir taki ábyrgð á eigin starfsþróun til eflingar þróunar- og skólastarfi. Hvatt er til brautryðjenda- og frumkvöðlastarfs hjá kennurum og annarrar starfsemi sem stuðlar að framþróun og nýbreytni í kennsluaðferðum, uppeldismálum, hlutverki skólasafna, námsmati, notkun upplýsingatækni og skipulagi náms. Skólar eru hvattir til að sækja í auknum mæli inn í alþjóðlegt skólasamstarf og efla þar samvinnu undir merkjum lýðræðis, jafnréttis, mannréttinda og skólastarfs án aðgreiningar.

### Leiðir:

1. Hver skóli hafi virka skólanámskrá og endurnýi hana eftir þörfum og aðstæðum. Inntak skólanámskrár tekur mið af lögum og reglum um skólastarf auk stefnu sveitarfélagsins þar sem skólastefnan kynnir forgangsverkefni. Árlega skal hver skóli gefa út starfskýrslu um starfsemi sína.
2. Reglulega verði staðið fyrir samráðsfundum faghópa til að efla fagvitund, þekkingarmiðlun og faglegt starf í skólum bæjarins.
3. Skólasöfn séu styrkt sem upplýsingamiðja skólastarfs.
4. Unnið verði að tengslum og samvinnu við háskóla og aðra rannsóknaraðila á sviði kennslu- og uppeldismála um þróunarstarf.
5. Leita skal samstarfs við innlandar og erlendar menntastofnanir og afla styrkja til þróunar- og samstarfsverkefna úr sjóðum innanlands og utan.
6. Skólar verði virkir þátttakendur í alþjóðlegum menntaverkefnum. Mikilvægt er að samstarfsverkefni séu samþætt inn í skólastarfið þar sem skólanámskráin leiðbeini við þróun slíks samstarfs.



## ➤ 1.13 LÝÐRÆÐI, MANNRÉTTINDI OG JAFNRÉTTI

Mikilvægar stoðir í vestrænni samfélagsgerð eru lýðræði, mannréttindi og jafnrétti. Í skólastarfinu er mikilvægt að þær stoðir séu virtar og efdar í margvíslegum verkefnum í samræmi við alþjóðlegar samþykktir, íslensk lög og stefnu sveitarfélagsins. Mikilvægt er að virða ólíkar lífsskoðanir í fjölmenningsamfélagi en einnig er sjálfsgagt að íslensk menning og sögulegar hefðir fái eðlilegt rúm í skólastarfinu. Nám við hæfi um átrúnað, trúarbrögð, lífsskoðanir, dygðir og tilvistarspurningar undir formerkjum gagnrýnnar hugsunar á forsendum skólans eru sjálfsgaður hluti skólastarfs.

Góð líðan nemenda í skóla er mikilvægur þáttur í að mannréttindi þeirra séu virt. Þar hvílir ábyrgð á skólum að vernda nemendur, stuðla að öryggi þeirra og vellíðan. Þar er mikilvægt að hafa ljósar áætlanir til að bregðast við ef út af ber, svo sem gagnvart einelti og öðrum líkamlegum og andlegum ógnunum. Starfsfólk skóla er lykilpersónur og þarf að hafa frumkvæði að áætlanagerð til að fyrirbyggja og bregðast við aðstæðum sem valda einstaka nemendum vanlíðan og hættu.

### Leiðir:

1. Jafnréttisfræðsla sé styrkt og verði vel skilgreind í skólanámskrám, með áherslu á jafnrétti kynjanna og réttindi þeirra sem hafa íslensku að öðru tungumáli. Starfshættir í skólastarfi skulu taka mið af jafnrétti, svo sem í samskiptum, í kennsluháttum, við val á námsefni og í námsmati.
2. Nauðsynleg umræða fari fram um lífsskoðanir og lífsgildi, trúarbrögð og umburðarlyndi í skólastarfi. Lýðræðisleg þátttaka, gagnkvæm virðing og virkni er kjarni samræðunnar og að njóta umburðarlyndis frá umhverfi sínu. Lýðræðisleg vinnubrögð séu viðhöfð í samskiptum við nemendur þar sem leitað sé eftir að fá fram sjónarmið þeirra gegnum dagleg verkefni.
3. Efld sé öll fræðsla sem eflir mannréttindi, lýðræði og samkennd þar sem allri útskúfun er hafnað. Þar skyldi áherslan vera á nám í þeim tilgangi að allir geti lifað saman í sátt og samlyndi. Hluti fjölmenningsfræðslu ætti að vera að virkja ólíka nemendur til samvinnu í samfélagslegum verkefnum á jafnréttisgrundvelli.
4. Mikilvægt er að í öllu skólastarfi sé lögð áhersla á að efla félags-, tilfinninga- og siðferðisþroska nemenda sem styrkir þá til frekari sjálfsþekkingar, samskiptafærni, samhygðar, gagnkvæmrar virðingar og umhyggju gagnvart samnemendum og umhverfi.
5. Kennarar og annað starfsfólk skóla er mikilvægir talsmenn nemenda. Nauðsyn er á árvekni þess gagnvart aðstæðum sem ganga á mannréttindi nemenda og að vinna gegn ofbeldi og annarri vanrækslu á börnum.
6. Mikilvægt er að kennarar og annað starfsfólk skóla fái þjálfun og fræðslu til að mæta nýjum áskorunum í fjölmenningsamfélagi. Hluti slíkrar viðleitni ætti að vera að efla þátttöku hafnirskra skóla og nemenda í alþjóðlegu samstarfi og samþætta við annað skólastarf.
7. Nemendur öðlist skilning á gildi samvinnu og læri að þroska með sér samkennd og ábyrgðartilfinningu. Sjálfstraust nemenda verði styrkt með því að kenna þeim að þekkja sinn innri mann og læri að virða heilbrigð lífsgildi, venjur og hefðir sem ríkja í skólum og í samfélaginu.

## 2. Leikskóli

### 2.1 NEMENDUR

Stuðla skal að því að öllum börnum 18 mánaða og eldri, auk yngri barna sem falla undir skilgreiningu um forgang, bjóðist skólavist í leikskóla undir handleiðslu leikskólakennara. Lífsleikni og námsgengi barna byggist á jafnvægi á milli allra þroskaþátta og áhersla verði á að hlúa að þeim og örva samspil milli þeirra.

#### Leiðir:

1. Leikskólahúsnæði og aðstaða nemenda og starfsmanna sé ávallt sem best úr garði gerð og samkvæmt þeim lögum og reglugerðum sem gilda hverju sinni.
2. Þjónusta leikskóla bæjarins sé reglulega kynnt fyrir bæjarbúum.
3. Reglulega skal meta þörf fyrir leikskólarými í bænum.
4. Leikskólakennurum og öðrum faglærðum starfsmönnum verði fjölgað hlutfallslega.
5. Starfsfólk leikskóla styðji börn í að virða settar reglur og gefi þeim kost á að leysa úr eigin málum og deilum á friðsamlegan hátt.



## 2.2 UPELDIS- OG KENNSLUSTARFIÐ

Í öllu starfi leikskóla skal leikurinn hafður í fyrirrúmi. Umönnunar- og kennslustarfið skal stuðla að því að nemendur verði sjálfstæðir, umburðarlyndir, viðsýnir og ábyrgir einstaklingar og verði tilbúnir til að takast á við verkefni í síbreytilegu, lýðræðislegu samfélagi.

### Leiðir:

1. Vinna skal áfram að því að setja fram skýr markmið með leikskólastarfi í samræmi við lög og reglugerðir, aðalnámskrá leikskóla og stefnu sveitarfélagsins sem birtist í skólanámskrá og starfsskýrslu hvers leikskóla.
2. Lögð sé áhersla á að allt leikskólastarf sé skipulagt með hagsmuni og þarfir nemenda í huga.
3. Við aðlögun í leikskóla skal leitast við að mæta ólíkum þörfum nemenda og foreldra.
4. Leggja ber áherslu á jákvæð samskipti og samvinnu við foreldra sem stuðla að gagnkvæmu trausti og vellíðan nemenda í leikskóla.
5. Í leikskólastarfi skal stuðla að því að allir nemendur fái tækifæri til náms í gegnum leik sem endurspeglar í skólanámskrám leikskólanna.
6. Notast skal við fjölbreyttar og uppbyggilegar kennsluáðferðir til að mæta ólíkum þörfum nemenda.
7. Þjóða skal upp á fjölbreyttan efnivið, margvísleg viðfangsefni og ögrandi verkefni sem gefa nemendum tækifæri til að þroskast.



### 3. Grunnskóli

#### 3.1 NEMENDUR

Allt skólastarf þarf að stuðla að menntun og þroska hvers einstaklings og þróast í takt við samfélagsbreytingar. Lögð verði áhersla á að nemendum líði vel í skólanum. Stuðlað sé að félagsþroska, tilfinningaþroska og siðgæðisvitund og að kennsluhættir taki mið af þörfum einstaklinga í nútímalegu samfélagi.

##### Leiðir:

1. Nemendur hljóti góða, alhliða menntun og fái hvatningu til náms í samræmi við þroska þeirra og áhuga.



2. Tekið sé tillit til þarfa nemenda við að læra á mismunandi hátt og þeir þurfa að beita mismunandi skynfærum við nám sitt.

3. Kennsla verði miðuð við að mæta þörfum einstaklinga sem setji sér eigin námsmarkmið í samspili við skólanámskrá, læri að skipuleggja nám sitt sjálfir og meti árangur sinn.

4. Kennsluhættir skulu vera fjölbreyttir, sveigjanlegir og áhersla lögð á fjölbreytt námsmat.

5. Aukin áhersla verði á markmiðssetningu og árangursviðmið.

6. Allt skólastarf verði þroskandi fyrir nemendur; líkamlega, andlega og félagslega.

7. Nemendur fái tækifæri til að móta náms- og félagslegt umhverfi sitt eins og aldur þeirra og þroski gefa tilefni til.

8. Nemendur fái hvatningu til ástundunar og framfara og njóti hæfileika sinna á sem flestum sviðum.

9. Skólastarf byggi upp heilbrigðan metnað nemenda til framtíðar.

10. Nemendum standi til boða fjölbreytilegt og gott félagsstarf utan skólatíma með góðri aðstöðu í skólum þar sem mikilvægi góðs samráðs allra sem

að slíku starfi koma er ítrekað því slíkt komi nemendum ávallt til góða.

11. Lögð sé áhersla á að leita sjónarmiða nemenda við ákvarðanir um málefni sem snerta þá beint, taka tillit til óska þeirra og þjálfa þá í lýðræðislegum vinnubrögðum.
12. Við skiptingar í bekki og hópa verði tekið mið af samsetningu nemendahóps, starfsfólks og rýmis.





## 3.2 UPELDIS- OG KENNSLUSTARFIÐ

Kennsluhættir taki mið af þörfum einstaklinga og nútímalegu samfélagi. Nám og kennsla verði einstaklingsmiðuð og í takt við fjölgreindir og fjölmenningslegt umhverfi en um leið verði aukin áhersla á samvinnu nemenda eins og aðalnámskrá grunnskóla kveður á um.

### Leiðir:

1. Teknir verði upp fjölbreyttir og sveigjanlegir kennsluhættir í meira mæli.
2. Boðið sé upp á viðfangsefni sem komi til móts við ólíkar þarfir nemenda.
3. Sjónum skal beint að námi nemenda frekar en kennslu sem felur í sér áherslur um að nemandi læri sem mest í námi sínu frekar en að fara yfir sem mest námsefni.
4. Minnka ber námsgreinabundna tímaskiptingu.
5. Leggja ber áherslu á kennsluskipulag sem byggir á hópvinnu, þemanámi, einstaklingsvinnu, þrautalausnum, gagnrýnni hugsun og færni nemenda til að afla sér þekkingar og nýta nýjustu upplýsinga- og samskiptatækni í því skyni.
6. Eflt sé margs konar nám sem stuðlar að nýsköpun, frumkvöðlastarfi og hönnun.
7. Í sérhverjum skóla skal gera ráð fyrir skipulegri þjónustu við nemendur með náms- eða hegðunarfrávik miðað við þarfir og aðstæður á hverjum stað.
8. Leggja ber rækt við afburðahæfileika á sem flestum sviðum.
9. Nýta skal sem best upplýsinga- og samskiptatækni í skólastarfi, meðal annars til sjálfsnáms og náms gegnum vefinn.
10. Góður námsárangur verði eftirsóknarvert markmið fyrir hvern og einn og umbun sé veitt fyrir framfarir, sjálfsaga og vönduð vinnubrögð.



### 3.3 LIST- OG VERKGREINAR

Vægi list- og verkgreina skal aukið. Nemendum í grunnskólum gefist kostur á að stunda list- og verknám umfram skyldunám innan síns skóla. Nemendur fái tækifæri til að kynnst mismunandi list- og verkgreinum og öðlist jákvætt viðhorf til menningar, lista og fjölbreytileika verkgreina. Tekið verði mið af áhugasviði og sérstökum hæfileikum hvers nemanda.

#### Leiðir:

1. Í skipulögðum áföngum eigi allir nemendur í 1. og 2. bekk kost á að velja tónlist, dans, leiklist, frásagnarlist og fleira umfram skyldunám. Tilboðin þróist áfram upp aldurstigann uns allir árgangar njóti þess.
2. Stuðlað sé að virkum tengslum nemenda við atvinnu-, lista- og menningarlíf bæjarins.
3. Stutt verði við hvers kyns þróunarverkefni í list- og verkgreinum.
4. List- og verkgreinanám verði aukið og samþætt innbyrðis og við annað skólastarf.
5. Auknar áherslur verði í kennslu leikrænnar og listrænnar tjáningar.



### ➤ 3.4 HEILSDAGSSKÓLINN

Heilsdagsskólinn er mikilvæg viðbót sem lengd viðvera í skólastarfi grunnskóla fyrir nemendur í 1. - 4. bekk og fatlaða nemendur í 5. - 10. bekk. Heilsdagsskólinn verði styrktur sem uppeldisstofnun með vel mótaða starfsskrá og stuðli að því að vinnudagur nemenda sé samfelldur.

#### Leiðir:

1. Skólahúsnæði grunnskóla verði til ráðstöfunar fyrir heilsdagsskóla eftir að kennslu samkvæmt stundaskrá nemenda lýkur.
2. Skipulagi heilsdagsskólans verði sett skýr viðmið varðandi opnunartíma og starfsemi.
3. Lögð verði áhersla á faglegt og þroskandi starf í heilsdagsskólanum. Stjórnendur heilsdagsskólans hafi uppeldismenntun og starfsfólki hans gefist kostur á símenntun.
4. Hluti starfsskrár heilsdagsskólans verði tómstunda- og íþróttastarf skipulagt í samvinnu við fjölskyldusvið og frjáls félagasamtök í bænum.



## 4. Tónlistarskóli

### 4. I TÓNLISTARNÁM

Tónlist er mikilvægur þáttur í uppeldi og þroska einstaklingsins og þátttaka í tónlistarstarfi er mikilvæg og gefandi fyrir fólk á öllum aldri. Áhersla verði lögð á að mæta óskum barna um tónlistarnám í bænum en jafnframt gefist nemendum kostur á stuðningi við tónlistarnám utan Hafnarfjarðar. Tónlistarskóli Hafnarfjarðar (TH) er tónlistarskóli bæjarins sem starfar eftir aðalnámskrá tónlistarskóla og greinanámskrám hennar. Á komandi árum er gert ráð fyrir nýjum tónlistarskóla í Vallahverfi. Mikilvægt er að skapaðar séu góðar aðstæður til að iðka og miðla tónlist sem víðast í skólasamfélaginu og bæjarfélaginu.

#### Leiðir:

1. Tónlistarnemendur, sem styrktir eru af Hafnarfjarðarbæ í tónlistarskóla og styðjast við aðalnámskrá tónlistarskóla og greinanámskrár hennar, njóti forgangs í samræmi við reglur á hverjum tíma.
2. Búa ber öllum nemendum fjölbreytt skilyrði til að þroska tónlistarhæfileika sína og sköpunargáfu, svo sem við að hlusta á tónlist við margs konar aðstæður og skapa eigin tónlist. Nám og tónlistarkennsla bjóði upp á skipulag og aðstæður sem mæti þörfum hvers og eins.



3. Boðið skal upp á tónlistarkennslu í söng og á öll helstu hljóðfæri.
4. Í tónlistarnámi verði nemendur hvattir til að syngja, leika á hljóðfæri, skapa eigin tónlist, taka þátt í samleik og samsöng, hlusta á tónlist og koma fram á tónleikum.
5. Nemendum gefist kostur á að stunda hluta af tónlistarnámi sínu í eigin grunnskóla þar sem húsnæði og aðstæður leyfa.
6. Forskólanám yngstu grunnskólanemenda fari sem mest fram á skólatíma grunnskólans í sem flestum grunnskólum. Forskólanám er forsenda hljóðfæranáms í tónlistarskóla en veitir ekki sjálfkrafa aðgang að því.
7. Við hönnun nýrra leik- og grunnskóla verði gert ráð fyrir kennslurými sérstaklega ætluðu til tónlistarnáms.
8. Fleiri nemendum en áður gefist kostur á hljóðfæranámi og kórstarfi, meðal annars með hópkenndu og þátttöku í hljómsveitarstarfi.
9. Leggja ber áherslu á félagslegt gildi tónlistariðkunar með þátttöku nemenda í samleik ýmiss konar og möguleikum á að koma tónlistarsköpun sinni á framfæri.
10. Auka ber samstarf og kynningu á tónlistarnámi milli skóla í bænum, tónlistarskóla, leik- og grunnskólum, námsflokka og tómstundatilboð í heilsdagsskóla undir forystu tónlistarskólastjórnenda. Markmiðið er að skapa heildstæða yfirsýn yfir tónlistarnám í Hafnarfirði til að þróa samstarf og tónlistarverkefni þar sem börnum er vísað á fjölbreytta möguleika til tónlistariðkunar.
11. Aukin verði fjölbreytni í tónlistarnámi í bænum, svo sem í Tónkvíslinni, sem er hryndeild (rytmadeild) TH, og væntanlegum tónlistarskóla í Vallahverfi.

## 5. Framhaldsfræðsla

### 5.1 SÍMENNTUN - FULLORÐINSFRÆÐSLA

Bæjarbúar eigi kost á fjölbreyttum símenntunartilboðum. Námsflokkar Hafnarfjarðar - Miðstöð símenntunar er menntastofnun á fræðsluviði sem sinnir fullorðins- og framhaldsfræðslu og menntun á almennum markaði. Almenningi sé boðið upp á fjölbreytt nám til að styrkja grunnmenntun sína, viðurkennt nám, hagnýta fræðslu og tómstundanám. Markmiðið er að auka lífsgæði fólks og efla það til virkrar þátttöku í samfélaginu. Starfsemi Námsflokka Hafnarfjarðar - Miðstöðvar símenntunar verði endurmetin á grundvelli væntanlegra laga um framhaldsfræðslu sem nú eru til umfjöllunar hjá löggjafanum.

#### Leiðir:

1. Leggja ber áherslu á gott skipulag kennslu og þjónustu.
2. Efla ber samstarf við aðra skóla, símenntunarstöðvar, fyrirtæki og stofnanir, starfsgreina- og verkalýðsfélög og önnur félagasamtök. Huga skal sérstaklega að námskeiðum tengdum atvinnulífinu og aðilum vinnumarkaðarins.
3. Unnið verði að því að auka einingarbært nám á framhaldsskólastigi og koma á stuttum starfsnámsbrautum á því skólastigi.
4. Fjarnám á háskólastigi verði styrkt og námsbrautum fjölgað.
5. Staðið sé fyrir íslenskunámskeiðum og fræðslutilboðum fyrir íbúa af erlendum uppruna.
6. Hlutverk og staða Námsflokka Hafnarfjarðar - Miðstöðvar símenntunar verði endurmetin á grundvelli væntanlegra laga um framhaldsfræðslu.



**Viðauki:****ORÐSKÝRINGAR OG HUGTÖK**

Kynning á nokkrum hugtökum í skólastefnunni til að tryggja sameiginlegan skilning og forðast hugtakarugling.

**ÁRANGURSSTJÓRNUN**

Árangursstjórnun er sú viðleitni að stýra þróun skólastarfs með þeim aðferðum að setja sér sýn, markmið (stefnukort), vinna að framgangi þeirra (umbótaverkefni í starfsáætlunum) og skoða loks árangur með mælingastarfsemi (skorkort, árangursviðmið). Árangursstjórnun hjá Hafnarfjarðarbæ hefur verið innleidd með samningum við stofnanir bæjarins. Flestar stofnanir á fræðsluviði höfðu skrifað undir árangursstjórnunarsamning árið 2008 þegar endurskoðun skólastefnunnar stóð yfir. Árangursstjórnun er í senn vinnubrögð og aðferðafræði, hugmyndafræði og margvíslegar vinnuaðferðir til skólastjórnunar sem miða að starfsárangri sem sýnir ábyrgðarskyldu opinberrar starfsemi.

**FJÖLMENNINGARSAMFÉLAG**

Fjölmenningarsamfélag vísar til þess að þegnar í einu samfélagi hafa margvíslegar lífsskoðanir, tilheyra margvíslegum trúarbrögðum og tala mörg tungumál. Innbyrðis samvinna og gagnkvæm virðing er viðfangsefni lýðræðislegs samfélags á hverjum tíma til að þegnarnir geti lifað ábyrgu lífi í starfhæfu og öruggu samfélagi þar sem ekki er gert upp á milli þeirra eftir getu, kynþætti, litarhafti, trúarbrögðum eða tungumáli.

**FRÆDSLUSVIÐ HAFNARFJARÐAR - STOFNANIR FRÆDSLUSVIÐS**

Fræðsluvið Hafnarfjarðar - stofnanir fræðsluviðs vísar til skipulags hjá Hafnarfjarðarbæ árið 2008 um að skólastofnanir bæjarins heyri undir eitt skipulag sem nefnist fræðsluvið og eina sviðsskrifstofu, Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar. Stofnanir á fræðsluviði bæjarins eru Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar, allir leik- og grunnskólar bæjarins, Tónlistarskóli Hafnarfjarðar, Námsflokkar Hafnarfjarðar-Miðstöð simenntunar og PMT-FORELDRAFÆRNI. PMT-FORELDRAFÆRNI er þjónustueining á fræðsluviði sem veitir foreldrum og skólum uppeldisráðgjöf með verkfærum sínum og er skólahluti þess verkefnis gjarnan nefndur SMT-skólafærni. Frekari upplýsingar um PMT má finna vefnum [www.pmt-foreldrafaerri.is](http://www.pmt-foreldrafaerri.is). Starfsrammi fræðsluviðs á hverjum tíma eru lög, reglugerðir, aðalnámskrár og kjarasamningar auk samþykka, stefnu, starfs- og fjárhagsáætlana bæjaryfirvalda. Nánari kynning á stofnunum fræðsluviðs má finna í árlegum starfsskýrslum fræðsluviðs, AÐ SETTU MARKI.

**HEILSDAGSSKÓLI - STARFSSKRÁ**

Heilsdagsskóli er þjónusta við nemendur í 1. - 4. bekk grunnskóla Hafnarfjarðar sem skólaúrræði eftir að daglegri stundaskrá lýkur og til kl. 17 - gjarnan nefnt „lengd viðvera“ í opinberri umræðu. Starfsemi heilsdagsskóla fer fram í húsnæði grunnskólans og mótar hann sín eigin verkefni og vinnubrögð sem nefna mætti einu nafni starfsskrá undir stjórn skólustjóra. Starfsskráin er í sífelldri mótun og einstaka þættir hennar hafi mismikið verið skráðir enn sem komið er. Gera má ráð fyrir að eftir því sem starfsemi heilsdagsskóla þróast fái hann mótaðri og meira skráða starfsskrá. Heilsdagsskóli er ekki lagaskylda þótt kveðið sé á um gjaldtökumöguleika sveitarfélaga í lengdri viðveru (Lög um grunnskóla 2008, 33. grein).

**MAT Á SKÓLASTARFI**

Mat á skólastarfi er sú viðleitni að afla upplýsinga (skráðra gagna) um framkvæmd skólastarfs á hverjum tíma til sjá stöðu þess, greina hvað megi gera betur og vinna að úrbótum á grundvelli greininga. Markmið mats í skólastarfi er að afla markvissra og örugga upplýsinga til stuðnings fyrir breytingastarf til skólaþróunar sem komi nemendum til góða. Greina má matið í þrjú undirflokk. (1) Ytra mat vísar til mats sem unnið er af utanaðkomandi aðilum á einstaka stofnunum og eiga ekki hagsmuna að gæta gagnvart þeim, meðal annars söfnun og túlkun tölulegra upplýsinga af Skólaskrifstofu og úttektir menntamálaráðuneytis. (2) Innra mat vísar til ábyrgðar starfsfólks einstakra skóla/stofnana til að greina eigin starfsemi, skilgreina hvað megi gera betur og vinna að frekari uppbyggingu til skólaþróunar. Loks er (3) sjálfsmat viðleitni einstakra fagmanna til að greina eigin möguleika til starfsþróunar og taka ábyrgð á eigin fagmennsku þannig að hún nýtist skjólstæðingum þeirra sem best. Í lögum um leik- og grunnskóla frá 2008 er ytra mat og innra mat lagaleg skylda einstakra leik- og grunnskóla en sjálfsmat er það ekki. Innra mat skóla formgerist í matsáætlun og matsframkvæmd sem birtast skal í matsskýrslu í árlegri starfsskýrslu skóla.

## Orðskýringar og hugtök frh.:

### NÁMSÁRANGUR - NÁMSMAT

Námsárangur er notað í viðtækum skilningi í skólastefnunni um það að skólastarf feli í sér ávinning fyrir nemendur. Þessi ávinningur getur verið framfarir í færni og hæfni, þróun jákvæðra viðhorfa og virkni eða aukin ánægja og vellíðan í skóla. Varast skyldi að hafa þröngt sjónarhorn á námsárangur, það er að skilgreina hann eingöngu sem prófaárangur. Námsárangur er meðal annars ákvarðað með námsmati, sem bæði er hlutlægt og huglægt viðfangsefni. Mikilvægt er því að þróa fjölbreyttar leiðir í námsmati sem miða að því að greina raunhæft færni, samskiptahæfni og persónulega þróun nemenda á sanngjarnan hátt til að sýna fram á raunverulegan námsárangur í skólastarfi.

### SALAMANCA-YFIRLÝSINGIN

Salamanca-yfirlýsingin er alþjóðleg yfirlýsing og rammaáætlun sem er grundvöllur stefnu og framkvæmda í málefnum nemenda með sérþarfir. Hún er unnin á grundvelli mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna og var samin árið 1994 í borginni Salamanca á Spáni sem stefnan dregur nafn sitt af. Yfirlýsinguna er hægt að nálgast á íslensku á vef menntamálaráðuneytisins ([www.menntamalaraduneyti.is](http://www.menntamalaraduneyti.is)).

### SÉRFRÆÐIÞJÓNUSTA

Sérfræðiþjónusta er samheiti yfir margvíslega stuðningsþjónustu við nemendur í leik- og grunnskólum, en einnig sérstaklega þá nemendur sem eru með skilgreindar sérþarfir. Sérfræðiþjónustuna má flokka í nokkra undirþætti, til dæmis sérkennslu, námsráðgjöf, sálfræðiþjónustu, talmeinaþjónustu og fleira. Ólíkir þættir sérfræðiþjónustu standa nemendum mismikið til boða samkvæmt lögum. Þá getur hvert sveitarfélag viðhaft eigið skipulag og fyrirkomulag í framkvæmd sérfræðiþjónustunnar - að því marki sem lagarammi með sínum viðmiðunum veitir heimildir til á hverjum tíma. Sérstaklega er kveðið á um sérfræðiþjónustu við grunnskólanemendur í 17. grein laga um grunnskóla frá 2008 og fyrir börn á leikskólaaldri í 21.-23. grein laga um leikskóla frá 2008.

### SÍMENNTUN – SÍMENNTUNARÁÆTLANIR

Símenntun felur í sér að starfsfólk skóla sé stöðugt að læra nýja hluti sem nýtast í starfi, endurmennta sig formlega og óformlega. Árlega gerir hver skóli símenntunaráætlun fyrir starfsemi sína og birtir í starfsskýrslu. Símenntunaráætlun getur sömuleiðis verið forsenda þess að afla fjár frá bæjarfélaginu til símenntunar starfsmanna viðkomandi stofnunar/skóla. Greinarmunur er gerður á símenntunaráætlun skóla og símenntunaráætlun einstakra starfsmanna. Hvort tveggja er nauðsynlegt en í starfsskýrslu skóla er aðeins birt símenntunaráætlun skólans í heild sinni. Í símenntunaráætlun felst meðal annars að skóli marki sér stefnu til að vinna að sameiginlegri starfsþróun meðal starfsfólks í eitt ár í senn í samræmi við stöðu skóla og þarfir nemenda.

### SJÁLFSTÆÐI SKÓLA

Sjálfstæði skóla felur í sér frumkvæði skólastjórnenda, annarra starfsmanna skóla og skóla-/foreldraráða til að mæta staðbundnum þörfum og aðstæðum í samræmi við lög og stefnu sveitarfélagsins. Sjálfstæðið felur sérstaklega í sér ábyrgð til að svara vel þörfum í afmörkuðu skólaumhverfi. Sjálfstæði felur því ekki í sér að ráða eigin för óháð lögum, reglugerðum og stefnu sveitarfélags. Þótt sjálfstæði sé mikilvægt í þeim skilningi að geta brugðist hratt við staðbundnum aðstæðum er sömuleiðis nauðsynlegt að gæta jafnræðis, lýðræðis og mannréttinda í öllu starfi eins og lög og reglur kveða á um á hverjum tíma.

### SKÓLI FYRIR ALLA - NÁM VIÐ HÆFI

Skóli fyrir alla - nám við hæfi vísar til grundvallarhugmyndar um að skólastarf skuli miða að því að mæta þörfum allra nemenda hversu ólíkir sem þeir eru. Slíkt ræðst meðal annars af mismunandi styrkleikum, áhugamálum og þroskafrávikum. Skólastarf skal taka mið af stöðu hvers nemanda og vera honum hjálp til að þróast og eflast innan um jafnaldra sína og skólafélaga. Upphafsstæða er ætíð veruleiki nemenda á hverjum tíma í samspili við skólanámskrá og einstaklingsbundnar áherslur eftir atvikum. Skólastarf án aðgreiningar er önnur orðanotkun um þessa skólahugmynd. Skólanámskrá einstakra skóla er þá nánari lýsing á framkvæmd þessa megin sjónarmiðs í skólastarfi leik- og grunnskóla sem í afmörkuðum tilvikum er útfærð í einstaklingsáætlunum hjá nemendum með sérþarfir.

## Orðskýringar og hugtök frh.:

### SKÓLAÞRÓUN - ÞRÓUNARSTARF

Skólaþróun - þróunarstarf felur í sér viðleitni skóla og menntayfirvalda til að efla, breyta og bæta það skólastarf sem fyrir er. Skólaþróun er þróunarstarf starfsfólks skóla til að auka gæði skólastarfs með nýjum vinnubrögðum, skipulagi, námsgögnum eða öðru sem mætir þörfum nemenda betur en áður. Telja má að breytingar geti ýmist verið smáar og stórar, unnar af mörgum eða fáum, einfaldar eða flóknaar í framkvæmd. Sé formlegt skipulag viðhaft í kringum breytingaferli má ætla að auðveldara verði að innleiða og viðhalda breytingum til langs tíma. Í formlegu skipulagi felst að mynda starfsteymi um skólaþróun, viðhafa nauðsynlega gagnaskráningu, hafa skýra verkaskiptingu með ljósri ábyrgð og þátttöku sem flestra starfsmanna skóla - í góðu samráði við nemendur og foreldra.

### STARFSSKÝRSLA

Starfsskýrsla skóla/stofnunar er skýrsla um skólastarfið sem er allt í senn kynning á framkvæmd ábyrgðarskyldu, áherslum til skólaþróunar og almenn upplýsingagjöf um skólastarfið. Starfsskýrsla skal meðal annars vera matsskýrsla skóla (innra mat), ársskýrsla, starfsáætlun, símenntunaráætlun, almenn stefnumörkun og aðrar nauðsynlegar upplýsingar um skólastarfið fyrir bæjaryfirvöld á hverjum tíma. Mikilvægt er að starfsskýrslur nýtist skólum vel og skulu því unnar með það að leiðarljósi að nýtast til skólaþróunar ekki síður en til upplýsingagjafar til foreldra og menntayfirvalda. Starfsáætlun felur í sér yfirlýsingu stofnunar um verkefni sem stefnt er að vinna að í náinni framtíð, til dæmis á komandi skóla- eða almanaksári. Um starfsáætlanir er kveðið á í lögum frá 2008, lögum um grunnskóla (29. grein) og lögum um leikskóla (14. grein) frá árinu 2008. Ársskýrsla er aftur á móti skýrsla um framkvæmdina eftir á, hvort verkefni sem stefnt var að komust í framkvæmd eða ekki. Árlega skulu gefnar út starfsskýrslur fyrir fræðsluviðið og einstakar stofnanir þess. Starfsskýrslur skulu taka mið af skólastefnu Hafnarfjarðar og vera útfærsla hennar á hverjum tíma. Útgáfa þeirra tekur mið af vinnu í tengslum við árangursstjórnunarsamninga við einstaka stofnanir. Æskilegt er að árlega fram fari opinberar kynningar og mat á starfsskýrslum innan fræðsluviðs. Starfsskýrsla fræðsluviðs Hafnarfjarðar nefnist AÐ SETTU MARKI.

### STARFSÞRÓUN

Með starfsþróun er átt við faglegar skyldur og siðferðilegt heiti fagfólks skóla til að efla sig í starfi til að mæta sífellt betur þörfum skjólstæðinga sinna í daglegu skólastarfi. Það er persónulegt verkefni, unnið í samstarfi við skólastjórnendur og samstarfsfólk, en felur í sér símenntun, formlega og óformlega, og persónulega ígrundun í starfi. Markmið starfsþróunar er að verða hæfari í því starfi sem fagmaður sinnir og geta verið þátttakandi í skólaþróun á virkan og ábyrgan hátt. Ábyrgð skólastjórnenda er að byggja upp lærdómssamfélag í skólum sem miðar að samvinnu og jafningjastuðningi til að styðja við starfsþróun einstakra starfsmanna í samspili við þarfir skóla í heild sinni. Starfsþróun er ferli sjálfsmats og fagsamvinnu í skólum um þróun skólastarfs.

### STEFNA SVEITARFÉLAGS

Sveitarfélag fer með yfirumsjón skólastarfs en starfsemi er að mestu falin fagfólki skóla í samstarfi við forráðamenn nemenda. Sveitarfélög, sem rekstaráðili flestra leik- og grunnskóla á Íslandi, reyna að viðhafa lágmarks samræmi og jafnræði í framkvæmd skólalags í þágu allra íbúa. Þessar áherslur sveitarfélags er hægt að nefna einu nafni stefnu sem gjarnan er sett fram í margvíslegum búningum. Þannig er fjárhagsáætlun sveitarfélags ákveðin stefna um hvaða fjármagn skólar hafa til ráðstöfunar í starfsemi sinni. Hafnarfjarðarbær hefur einnig skráð ýmis sjónarmið sín í yfirlýsingar sem er um leið stefna bæjarins. Dæmi um slíkt hjá bænum eru mannauðsstefna, jafnréttisstefna, upplýsingastefna, aðalskipulag og í skólamáli birtist sem skólastefna sveitarfélags í samræmi við skyldur 5. greinar laga um grunnskóla frá árinu 2008 og 4. greinar laga um leikskóla frá árinu 2008. Stefna sveitarfélags er því ekkert eitt plagg heldur allar ákvarðanir þess sem snúa að ákveðnu viðfangsefni, hér skólamáli. □